



Sértæk viðmið fyrir vottunaraðila

jafnlaunastaðalsins ÍST 85 –

Leiðbeinandi reglur

1. Gildissvið og markmið

Viðmið þessi gilda sem leiðbeinandi reglur fyrir þá aðila sem annast vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana samkvæmt staðlinum *ÍST 85 Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar*. Viðmiðin eru til skýringar og áréttingar þeim kröfum sem fram koma í staðlinum ÍST EN ISO 17021-1:2015 *Samræmismat – Kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa – Hluti 1: Kröfur*. Við gerð viðmiðanna var jafnframt höfð hliðsjón af staðlinum ÍST 85, reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85 og lögum nr. 56/2017 um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (jafnlaunavottun) sem samþykkt voru á Alþingi 1. júní 2017.

Markmið viðmiða þessara er að tryggja að verkferli við úttekt og vottun jafnlaunakerfa fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85 séu í samræmi við kröfur um vottun stjórnunarkerfa.

2. Orðskýringar

Í viðmiðum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, sbr. reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85:

- a. *Vottun*: Skrifleg yfirlýsing vottunaraðila sem veitt er með vottunarskírteini, að undangenginni úttekt hans á jafnlaunakerfi fyrirtækis eða stofnunar, um að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85, sbr. 1. gr. c. staðalsins.
- b. *Vottunaraðili*: Aðili sem annast vottun og hefur hlotið faggildingu, sbr. 4. og 5. gr. reglugerðar um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85.
- c. *Úttektarmaður*: Einstaklingur sem framkvæmir úttekt á vegum vottunaraðila.
- d. *Faggilding*: Staðfesting á því að vottunaraðili uppfylli kröfur staðalsins ÍST ISO/IEC 17021-1:2015 og kröfur reglugerðar til að framkvæma vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana samkvæmt staðlinum ÍST 85.
- e. *ÍST EN ISO 17021-1:2015 Samræmismat – Kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa – Hluti 1: Kröfur*: Staðall sem skilgreinir kröfur til vottunaraðila sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa.
- f. *ÍST 85 Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar*: Íslenskur staðall sem ætlaður er sem grundvöllur fyrir vottunarkerfi að því er varðar launajafnrétti kynja á vinnustöðum. Í daglegu tali nefndur jafnlaunastaðallinn.

3. Kröfur til vottunaraðila og framkvæmd vottunar

Félags- og jafnréttismálaráðherra fer með framkvæmd laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laganna skulu konum og körlum er starfa hjá sama



atvinnurekanda greidd jöfn laun og skulu bæði kyn njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með lögum nr. 56/2017, um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnlaunavottun), var lögð sú skylda á fyrirtæki og stofnanir, þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli, að þau skuli öðlast vottun að undangenginni úttekt vottunaraðila á jafnlaunakerfi fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem staðfestir að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85, sbr. 1. gr. c. staðalsins.

Vottun frá faggiltum vottunaraðila er formleg staðfesting á því að jafnlaunakerfi viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85.

Vottunaraðili skal hafa öðlast faggildingu, sbr. reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85, til að votta jafnlaunakerfi samkvæmt umræddum staðli. Til staðfestingar á því að vottunaraðili sé faggiltur samkvæmt framangreindri reglugerð skal vottunaraðili geta framvísað faggildingarskírteini þar sem staðfest er að hann uppfylli kröfur staðalsins ÍST EN ISO 17021-1:2015 og teljist hæfur til að votta stjórnunarkerfi út frá staðlinum ÍST 85 og kröfum reglugerðarinnar. Vottunaraðili öðlast faggildingu hjá faggildingarsviði Einkaleyfastofu-ISAC eða sambærilegum aðila á Evrópska efnahagssvæðinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem sett eru fram í framangreindri reglugerð. Faggildingin felur í sér staðfestingu á því að faggiltur vottunaraðili sé hæfur til að meta hvort fyrirtæki eða stofnun hafi innleitt jafnlaunakerfi sitt á réttan hátt samkvæmt staðlinum ÍST 85. Hafi vottunaraðili staðist úttekt faggildingarsviðs Einkaleyfastofu-ISAC eða sambærilegs aðila á Evrópska efnahagssvæðinu fær hann faggildingarskírteini faggildingunni til staðfestingar. Á faggildingarskírteininu skal koma fram nafn og kennitala vottunaraðila, gildistími, tæknisvið og faggildingarnúmer. Ef vottunaraðili fær ekki endurnýjun á faggildingu skal faggildingarsvið Einkaleyfastofu-ISAC eða sambærilegur aðili á Evrópska efnahagssvæðinu tilkynna það á vefsíðu sinni og upplýsa velferðarráðuneytið þar um.

Þrátt fyrir að samkvæmt úttnefndri reglugerð þurfi vottunaraðili að geta framvísað faggildingarskírteini, þar sem tekið er fram að hann sé hæfur til að votta stjórnunarkerfi út frá staðlinum ÍST 85 líkt og að framan greinir, þá er veitt undanþága frá þessu skilyrði til 31. desember 2019 í sömu reglugerð. Með öðrum orðum er vottunaraðila heimilt að framkvæma úttektir og votta jafnlaunakerfi fyrirtækja og stofnana samkvæmt ÍST 85 til 31. desember 2019 þrátt fyrir að slíkt komi ekki fram í faggildingarskírteini hans. Enda skilyrði að hann hafi hlotið faggildingu samkvæmt ÍST EN/ISO 17021-1:2015, hafi á að skipa úttektarmönnum sem setið hafa námskeið velferðarráðuneytisins vegna jafnlaunavottunar, sbr. reglugerðin, staðist prófið með 1. einkunn að lágmarki og hafi skírteini því til sönnunar. Þá þarf viðkomandi að hafa samráð við velferðarráðuneytið, ef það óskar þess, um framkvæmd vottunar og sinna skriflegum tilmælum ráðuneytisins um úrbætur. Eftir 31. desember 2019 þarf vottunaraðili á hinn bóginn að hafa fengið faggildingu á ÍST 85, það er að geta framvísað faggildingarskírteini þar sem tekið er fram að hann sé hæfur til að votta stjórnunarkerfi út frá staðlinum ÍST 85 samkvæmt reglugerðinni.

Hlutverk vottunaraðila er að taka út jafnlaunakerfi hjá fyrirtæki eða stofnun og veita skriflega yfirlýsingu um að jafnlaunakerfi viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85. Vottunaraðili skal geta metið ólíkar aðferðir sem fyrirtæki og stofnanir kjósa að nota við innleiðingu jafnlaunakerfa samkvæmt staðlinum ÍST 85. Hlutverk vottunaraðila er ekki að greina hvort um launamun er að ræða hjá viðkomandi fyrirtæki eða stofnun heldur eingöngu að meta hvort jafnlaunakerfið sem þau hafa sett sér uppfylli kröfur staðalsins, þar á meðal hvort þau hafi sett sér áætlun um aðgerðir til að draga úr launamun hjá stofnun sinni eða fyrirtæki hafi komið í ljós að hann sé til staðar.

Vottunaraðili skal gæta þess að úttektir taki hæfilega langan tíma og ráðist meðal annars af fjölda starfa og umfangi starfaflokkunarkerfa til að þeir geti staðreynt að jafnlaunakerfi hafi verið komið upp, það skjalfest, innleitt, því viðhaldið og stjórnun þess stöðugt bætt í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85. Vottunaraðili skal skila til Jafnréttisstofu afriti af vottunarskírteini ásamt skýrslu um niðurstöðu úttektar.

Vottunaraðila er aldrei heimilt að veita ráðgjöf um innleiðingu staðalsins ÍST 85 til fyrirtækja og stofnana



samhliða því að votta jafnlaunakerfi þeirra. Vottunaraðila sem veitt hefur fyrirtæki eða stofnun ráðgjöf um innleiðingu staðalsins ÍST 85 er óheimilt að annast úttekt og taka afstöðu til vottunar viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar næstu tvö ár þar á eftir. Hið sama gildir um þá sem hafa unnið fyrir vottunaraðila sem veitt hefur hlutaðeigandi fyrirtæki eða stofnun ráðgjöf.

4. Um úttektarmann/úttektarteymi

Vottunaraðili skipar þá sem annast eiga úttekt í samræmi við kröfur ÍST EN ISO 17021-1:2015. Á grundvelli umfangs getur vottunaraðili falið einum úttektarmanni verkið eða skipað úttektarteymi einstaklinga sem hjá honum starfa. Ef um úttektarteymi er að ræða skal vera að minnsta kosti einn úttektarmaður í teyminu, það er einn einstaklingur sem hefur lokið námskeiði samkvæmt reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85 með 1. einkunn að lágmarki. Auk úttektarmanns getur vottunaraðili skipað sérfræðing á málefnasviði staðalsins ÍST 85 sem og aðstoðarmann/menn. Úttektarmaður skal skipaður fyrir allar úttektir, það er að segja þegar sótt er um vottun (frumúttekt), viðhaldsvottun (milliúttekt) og þegar fyrirtæki eða stofnun sækir um endurnýjun vottunar þremur árum eftir veitingu fyrstu vottunar.

5. Vottunaraðili

Vottunaraðili jafnlaunakerfa skal að lágmarki uppfylla eftirtalin skilyrði við allar úttektir, sbr. reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85.

Tafla 1. Hæfniskröfur fyrir vottunaraðila þegar þeir annast vottun jafnlaunakerfa út frá staðlinum ÍST 85.

	Vottunaraðili
Kröfur	<ol style="list-style-type: none">Vottunaraðili skal hafa öðlast faggildingu samkvæmt staðlinum ÍST EN ISO 17021-1:2015 hjá faggildingarsviði Einkaleyfastofu eða sambærilegum aðila á Evrópska efnahagssvæðinu. Því til staðfestingar skal hann geta framvísað faggildingarskírteini þar sem staðfest er að hann uppfylli kröfur staðalsins ÍST EN ISO 17021-1:2015 og teljist hæfur til að votta jafnlaunakerfi út frá staðlinum ÍST 85.Þangað til 31. desember 2019 er vottunaraðila sem hefur hlotið faggildingu samkvæmt staðlinum ÍST EN ISO 17021-1:2015 heimilt að annast vottunina, þrátt fyrir að ekki komi fram í faggildingarskírteini hans að hann teljist hæfur til að votta jafnlaunakerfi út frá staðlinum ÍST 85, enda:<ul style="list-style-type: none">hafi hann á að skipa úttektarmanni sem setið hefur námskeið vegna jafnlaunavottunar, sbr. framangreind reglugerð, staðist próf með 1. einkunn að lágmarki og hefur skírteini því til sönnunar,hafi á tímabilinu til 31. desember 2019 samráð við velferðarráðuneytið, ef ráðuneytið óskar eftir því, um vottunina og sinnir skriflegum tilmælum ráðuneytisins um úrbætur.Vakin skal sérstök athygli á að eftir 31. desember 2019 þurfi vottunaraðili að geta framvísað faggildingarskírteini þar sem staðfest er að hann teljist hæfur til að votta jafnlaunakerfi út frá staðlinum ÍST 85 (auk þess að uppfylla aðrar þær kröfur sem fram hafa komið).
Að viðhalda hæfni	Æskilegt er að vottunaraðili sendi úttektarmenn sína á námskeið sem haldið er á vegum velferðarráðuneytisins á þriggja ára fresti til að þeir viðhaldi þekkingu sinni og þreyti prófið aftur.
Vanhæfi	Vottunaraðila sem veitt hefur fyrirtæki eða stofnun ráðgjöf um innleiðingu staðalsins



ÍST 85 er óheimilt að annast úttekt og taka afstöðu til vottunar viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar næstu tvö ár þar á eftir. Hið sama gildir um þá sem hafa unnið fyrir vottunaraðilann.

6. Úttektarmaður

Tafla 2. Hæfniskröfur til úttektarmanns þegar hann tekur út jafnlaunakerfi í samræmi við staðalinn ÍST 85.

Kröfur um þekkingu	<ol style="list-style-type: none">Úttektarmaður skal hafa sótt námskeið á vegum velferðarráðuneytisins um jafnréttis- og vinnumarkaðsmál sem þýðingu hafa fyrir vottun í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85, meðal annars innihald staðalsins og innleiðingu hans. Úttektarmenn skulu hafa staðist prófið með 1. einkunn að lágmarki og hafa því til sönnunar skírteini.Á námskeiðinu skal úttektarmaður hafa öðlast þekkingu á eftirfarandi atriðum:<ul style="list-style-type: none">- Starfaflokkun (tilgangur, ólíkar aðferðir, verklag, mat á verðmæti starfa, færni í að greina hvort starfaflokkun felur í sér kynbundna skekkju og prófun á starfaflokkunarkerfum). Mikilvægt er að úttektarmaður geti tekið út ólíkar gerðir starfaflokkunar sem fyrirtæki eða stofnanir hafa gert.- Launagreiningu (tilgangur, ólíkar aðferðir, verklag, þættir sem hafa áhrif á launagreiningu og helstu tæki til launagreiningar svo unnt sé að öðlast þekkingu á áætlunum um leiðréttingu á óútskýrðum launamun). Mikilvægt er að vottunaraðili geti tekið út þá launagreiningu sem fyrirtæki eða stofnun hefur gert. Vottunaraðili á undir engum kringumstæðum að gera launagreiningu sjálfur heldur eingöngu að sannreyna gæði hennar.- Kröfum til stjórnunar jafnlaunakerfis (skilgreining á því hvernig á að uppfylla kröfur staðalsins).- Jafnréttislöggjöf (meðal annars lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/54/EB um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf).- Dómaframkvæmd (það er hvernig íslenskir dómstólar, Evrópudómstóllinn og kærunefnd jafnréttismála hafa skilgreint meginregluna um launajafnrétti kynja).- Tilgangi kröfustaðla (stjórnunarstaðlar, vottun og faggilding).- Vinnumarkaði og kjarasamningsumhverfi (skipulag vinnumarkaðar, mismunandi launamyndunarkerfi og kjarasamningar opinbers og almenns vinnumarkaðar).
Að viðhalda hæfni	Æskilegt er að úttektarmaður sækji námskeið sem haldið er á vegum velferðarráðuneytisins á þriggja ára fresti til að viðhalda þekkingu sinni. Auk þess er æskilegt að hann framkvæmi úttektir reglulega.
Vanhæfi	Úttektarmanni sem unnið hefur hjá vottunaraðila sem veitt hefur fyrirtæki eða stofnun ráðgjöf um innleiðingu staðalsins ÍST 85 er óheimilt að annast úttekt og taka afstöðu til



vottunar viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar næstu tvö ár þar á eftir.

7. Eftirlit

Velferðarráðuneytið fer með eftirlit með viðmiðum þessum. Ráðuneytið skal hafa samráð til 31. desember 2019 við vottunaraðila, eftir því sem þörf krefur, þar á meðal um framkvæmd úttekta og innleiðingu vinnuferla. Vottunaraðili skal sinna skriflegum tilmælum ráðuneytisins um úrbætur.

8. Gildistaka

Viðmið þessi taka gildi 1. janúar 2018.

Velferðarráðuneytinu, 13. nóvember 2017.

Þorsteinn Víglundsson

félags- og jafnréttismálaráðherra.
